

Takk fyrir þolinmæðina undanfarin tvö ár



Frábær árangur hefur náðst í flokkun í Skafthreppi frá byrjun tilraunaverkefnis í úrgangsmálum frá 2019 en við viljum gera enn betur og halda áfram í átt að aukinni sjálfbærni. Frá 23. maí 2022 verða engar sorptunnur sóttar til heimila í Skafthreppi. Úrgangi og flokkuðu efni skal skila á grenndarstöðvar í dreifbýlinu og gámavöllinn á Kirkjubæjarklaustri. Staðsetningar grenndarstöðva og gámavallar má sjá á meðfylgjandi korti. Prófaðar verða tvær mismunandi leiðir á tímabilinu maí til nóvember til að innheimta gjald fyrir þann úrgang sem ekki er hægt að flokka.

Pokalausnir 23. maí til 1. september 2022

Frá 23. maí til 1. september þarf að merkja alla poka sem innihalda óflokkaðan heimilisúrgang og lífrænan úrgang með límmiðum með merki Skafthrepps. **Rauður límmiði** fer á **óflokkaðan heimilisúrgang** og **gulur límmiði** á **lífrænt**. Eingöngu má skila almennum og lífrænum úrgangi í pokum merktum með ofangreindum límmiðum á grenndarstöðvar og gámavöllinn á Kirkjubæjarklaustri.

Flokkuð efni þ.e. plast og pappír má **skila gjaldfrjálst** í endurvinnslugámana á grenndarstöðvunum. Öðrum efnum þarf að koma á gámasvæðið á Kirkjubæjarklaustri líkt og verið hefur.

Límmiðarnir verða seldir í Skafthreppu og á skrifstofu Skafthrepps þar til vigtarlausnin tekur við. **Gjaldskráin er eftirfarandi;**

Almennur úrgangur 20-35 lítra pokar (Innkaupapoka stærð) 205 kr/stk

Almennur úrgangur 80 – 120 lítra pokar (Ruslapoka stærð) 700 kr/stk

Lífrænn úrgangur 10 – 20 lítra pokar 60 kr/stk

Lífrænn úrgangur 25 – 45 lítra pokar 90 kr/stk

Gjaldskrá pokanna byggir á gjaldskrá Skafthrepps um meðhöndlun úrgangs sem finna má á www.klaustur.is

Vigtarlausnir áætlaðar frá 1. september til 31. október 2022 – skilagjald fyrir flokkuð efni

Í september er stefnt á að það verði komnir djúpgámar á grenndarstöðvarnar fyrir blandaðan og lífrænan úrgang með vigtarlausn. Þeir verða með aðgangsstýringu og greiðslulausn þar sem greitt er um leið og hent er í gámana samkvæmt magni kr/kg. Stefnt er að því að gámar fyrir flokkuð efni verði fjarlægðir af grenndarstöðvunum samhliða. Í flokkunarstöð við gámasvæðið á Kirkjubæjarklaustri geta allir skilað flokkuðu efni og fengið **skilagjald** líkt og er

SÓUM MINNA FLOKKUM MEIRA

með flöskur og dósir í dag. Íþróttafélög og önnur hagsmunasamtök geta einnig nýtt sér þetta sem fjáröflun.

Rúlluplast:

Móttaka á rúlluplasti verður í fyrrum sorpbrennslunni á Kirkjubæjarklaustri. Þanta þarf tíma í síma 787-8813. **Frá 1. júní 2022** verður greitt **8 kr/kg** í skilagjald.

Fyrirtæki:

Þau fyrirtæki sem vilja geta nýtt grenndarstöðvar og gámasvæði líkt og íbúar. Fyrirtæki greiða sama gjald fyrir límmiðana. Sorphirða hjá fyrirtækjum verður óbreytt til **1. september 2022**. Engin sorphirða verður á vegum sveitarfélagsins frá þeim tíma til fyrirtækja heldur eingöngu grenndarstöðvar og gá mavöllur og eru fyrirtæki hvött til að hefja undirbúning vegna breytinganna.



Úrgangsgreiningar verða gerðar til að bera saman hversu mikið af flokkuðum úrgangi er að fara í blandaðan úrgang ásamt viðhorfskönnun í lok tilraunatímabils.

Vissir þú að um 90% alls þess sem fer í blandaðan úrgang er í raun flokkanleg verðmæti?

Hættum að borga fyrir að henda og fáum frekar greitt fyrir að flokka.

Gá mavöllurinn á Kirkjubæjarklaustri verður opinn á áður auglýstum tímum fram í ágúst á meðan pokalausnir eru í prófun, sjá nánar á www.klaustur.is

Takk fyrir ykkar framlag 😊



SÓUM MINNA FLOKKUM MEIRA

